



# Samvinna VIRK og lífeyrissjóða um notkun á starfshæfnismati

## *Hugmyndir og umræður*

**Vigdís Jónsdóttir**  
**Framkvæmdastjóri VIRK**

# Þróun og áherslur í nágrannalöndum:

Lögð er áhersla á að eftirfarandi forsendur séu til staðar áður en tekin er ákvörðun um rétt til varanlegs lífeyris vegna heilsubrests:

- Það þarf að liggja fyrir að starfsendurhæfing hafi verið reynd og útséð er um að frekari endurhæfing skili árangri að svo stöddu
- Vinnugeta þarf á sumum stöðum að hafa verið prófuð á skipulagðan og skráðan hátt annað hvort á vinnumarkaði eða í tilbúnu vinnuumhverfi
- Það þarf að vera til staðar staðfesting á skertri vinnugetu. Að þessari staðfestingu þurfa oft að koma margir aðila og þetta tengist því heildarferli sem viðkomandi hefur farið í gegnum í starfsendurhæfingunni

**Í öllu ferlinu eru notaðar viðurkenndar matsaðferðir og samræmingar er gætt í mati og skráningu.**

# Hvernig geta lífeyrissjóðir nýtt sér starfshæfnismat VIRK?


- **Samræming.** Allir fara í gegnum sama matið. Samræmd upplýsingaöflun og skráning.
- **Ferill** sem miðar að því að meta endurhæfingarmöguleika einstaklinga og finna stað á vinnumarkaði þrátt fyrir heilsutengdar hindranir. Er unnt að gera kröfu til þess að einstaklingar hafi farið í gegnum þennan feril áður en tekin er endanleg ákvörðun um örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðunum?
- **Upplýsingar.** Upplýsingar um endurhæfingarferil og árangur hans liggur fyrir. Auk þess eru til staðar margþættar upplýsingar um stöðu og möguleika einstaklingsins þar sem margir fagaðilar hafa komið að málum. Er hægt hægt að nýta þessar upplýsingar við ákvörðunartöku um örorkulífeyri?
- Þarf sérstaka **aðlögun** til að mæta þörfum lífeyrissjóðanna?

# Fleiri þættir sem þarf að skoða

- **Umsóknarferli um örorkulífeyri.**  
Upplýsingar, eyðublöð, leiðbeiningar, vinnuferlar og aukin samskipti milli ráðgjafa og lífeyrissjóða.
- **Samstarf trúnaðarlækna lífeyrissjóða og VIRK.** Upplýsingagjöf, nýting á starfshæfnismati, samskipti við ráðgjafa og fleira.
- **Heiti og tímabil lífeyris.**  
Endurhæfingargreiðslur í stað örorkulífeyris fyrstu árin.
- **Sveigjanleiki og kröfur um þátttöku í starfsendurhæfingu**



# Samstarf VIRK og lífeyrissjóða



## Krefst:

- Vinnu
- Skipulagningar
- Verkstjórnar

# Næstu skref.....

- Það þarf að koma faglegu samstarfi VIRK og lífeyrissjóðanna í formlegan farveg
- Vinnuhópur með skilgreint hlutverk?
- Rannsókn á því hvernig sérhæft mat nýtist við ákvörðunartöku hjá lífeyrissjóðum og þróun út frá því





[www.virk.is](http://www.virk.is)